



FRÉTTABRÉF


LAGNAFÉLAGS ÍSLANDS

The Icelandic Heating, Ventilating and Sanitary Association
Ystabæ 11 • 110 Reykjavík • Tel. 354 587 0660 • Fax 354 587 4162
Netfang: [www.lafi@simnet.is](mailto:laf@simnet.is) • Heimasíða www.lafi.is

1. tbl. 19. árgangur janúar 2004 blað nr. 86

„Lofsvert lagnaverk“

Skáli Alþingis hlaut viðurkenninguna
„Lofsvert lagnaverk 2002“



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Ottósson.
Ritnefnd: Guðmundur Hjálmarsson tæknifræðingur,
Jón Guðlaugsson pípuþingingameistari,
Ólafur Bjarnason blikksmiðameistari,
Poriákur Jónsson verkfræðingur
og Rúnar Bachmann rafvirkli.



Ávarp

forseta Alþingis 9. des. 2003 við afhendingu viðurkenningarinnar
“Loftsvert lagnaverk”.

Ágætu gestir

Ég býð ykkur öll velkominn í Skála Alþingis. Það er mér mikil ánægja að Skáli Alþingis skuli í ár hafa verið valinn sem dæmi um nýbyggingu þar sem lagnaverk þykja hafa tekist með miklum ágætum. Vil ég óska verkfræðistofunni V GK og samstarfaðilum til hamingju með hversu vel framkvæmdir hafa tekist hér í Skálanum.



Halldór Blöndal

Öll vitum við að lagnaverk eru þýðingarmikill þáttur í byggingu húsa og í dag er meiri vinna og alúð lögð í þau verk en nokkru sinni áður. Því er ekki sist að þakka það mikilvæga starf og aðhald sem Lagnafélag Íslands veitir. Sú viðurkenning sem veitt er hér í dag er vissulega liður í því að hvetja hönnuði og iðnaðarmenn til vandaðra verka.

Það hafa óneitanlega orðið miklar breytingar í lagnamálum frá því að Alþingishúsið var byggt 1881 og þar til Skálinn var reistur. Í dag höfum við í höndum vandaðar og ítarlegar handbækur um lagnakerfi Skálans en fáar sögur fara af slíkum ritverkum við byggingu Alþingishússins. Í skýrslu sem Bald yfirmsiður skilaði 5. júlí 1881 má þó fá smá innsýn í lagnakerfi þess tíma. Lýsingar hans eru þó vissulega fábreyttar enda líklegt að lagnakerfi hússins hafi ekki verið flókið.

Í lýsingu yfirmsiðsins kemur fram að í herbergjum bókasafnsins á 1. hæð Alþingishússins sé “sín hitavélin í hvorum enda hússins og má í þeim brenna hvort heldur vill mó eða kolum eins og hann segir og tekur um leið fram að “hitavélar þessar [hafa] reynzt mjög góðar hinn síðasta vetur. Yfirmsiður nefnir jafnframt að til hægri handar við forsalin á 1. hæð þinghússins sé kolaklefi og munu í honum rúmast nær 50 skipspund. Það síðasta sem hann nefnir um hitakerfi hússins er að í lestrastofunum á 1. hæð sé einn ofn í hvorri stofu.

Það vekur athygli að ekki virðast hafa verið neinir ofnar á 2. hæð hússins þar sem þingsalurinn er. Ástæðan mun sú að þinginu var upphaflega ádeins ætlað að koma saman yfir sumartímann og því þótti óþarfi að kosta til hitakerfis á þeirri hæð hússins.

Tæpum 30 árum síðar, eða 1908, er hins vegar sett upp miðstöð í kjallara Kringlunnar, sem þá var nýbyggð við suðurhlíð Alþingishússins, og jafnframt voru lagðar hitaleiðslur um allt þinghúsið. Þetta skipti sköpum fyrir starfsemi þingsins því árið eftir var í fyrsta skipti hægt að halda þingfund að vetri til. Þing kom þá saman í febrúar 1909 og var febrúarmánuður lengi vel eftir það fastur samkomutími þingsins eða alveg fram yfir síðara stríð. Á þessu sést hversu mikilvægu hlutverki lagnakerfið hefur gegnt fyrir starfsemi Alþingis.

Bald yfirmsiður er færorður um aðra þætti í lagnakerfi Alþingishússins en virðist þó vera að tala um einhvers konar loftæstikerfi þegar hann segir loftsúgandarnir frá alþingissölunum eru hlaðnir úr múrsteini. Þá kemur líka fram hjá honum að á 3. hæð hússins voru tvö þarfindaherbergi eins og það er orðað og er hann þar að vísa til salernisherbergja hússins. Í danska textanum er talað um fullstæðigt lugtfrít Closet og virðist það í fyrsta sinn sem slíkur búnaður var gerður hérlendis.

Ágætu gestir,

Um leið og ég ítreka hamingjuóskir til verkfræðistofunnar V GK og samstarfsaðila þeirra vil ég biðja Kristján Ottósson, framkvæmdastjóra Lagnafélags Íslands að taka við og stýra athöfninni.


Ávarp

Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands

Flutt á hátíðarsamkomu í Alþingi
við afhendingu “Lofsvert lagnaverk 2002”
09. des. 2003

Herra forseti, ágætu gestgjafar, góðir gestir

Fyrir hönd Lagnafélags Íslands bið ég ykkur
hjartanlega velkomin til þessara hátíðarstundar,
sem við munum eiga saman hér í dag.



Kristján Ottósson

Lagnafélag Íslands veitti fyrstu viðurkenninguna fyrir “Lofsvert lagnaverk” árið
1990. Þá viðurkenningu hlaut hús Sjóvá Almenna trygginga.

Síðan hafa 11 hús hlotið þessa viðurkenningu, þar má nefna Gufuaflstöðina á
Nesjavöllum, Ráðhús Reykjavíkur og Hæstaréttur.

Í dag er viðurkenningin “Lofsvert lagnaverk” veitt í 13 sinn í því glæsilega húsi
sem við erum stödd hér í.

Það er ánægjulegt að skynja og þreifa á þeim jákvæða hugsunarhætti og
framförum, sem þróast hefur vegna viðurkenningar Lagnafélagsins.

Ég sagði áðan að þetta væri hátíðar stund, og hún er það, þess vegna eigum við
að gleðjast og brosa.

Herra forseti, er það rétt að þegar maður stendur í þessum virðulega stól, að þá
sé maður friðhelgur og megi segja hvað sem er án þess að bera á því ábyrgð.

Því er þá öfugt farið með okkur lagnamenn, ábyrgðin verður aldrei af okkur
tekin hvar sem við stöndum.

Vöndum til verka, gerum ávalt okkar besta og skilum lagnakerfunum full
búnum.

Nú göngum við til dagskrá.

Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins.

Ávarp

flutt á hátíðarsamkomu í Alþingi
við afhendingu “Lofsvert lagnaverk 2002”
09. des. 2003



Ingimundur Sigurpálsson

Í framhaldi af verðlaunaafhendingu óskaði Ingimundur Sigurpálsson, formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins viðurkenningarhöfum til hamingju með þá viðurkenningu, sem þeim hafði hlotnast.

Kvað hann það vel til fundið og mikilsvert að draga það fram, sem vel væri gert, enda væri það jafnan bæði þeim, sem hlut ættu að máli, og öðrum þeim, sem starfa á líku sviði, hvatning til frekari dáða.

Ingimundur sagði, að sér hefði löngum þótt aðdáunarvert það öfluga og metnaðarfulla starf, sem Lagnafélag Íslands hefur haldið uppi. Starfa sinna vegna hefði hann lengi fengið fréttabréf félagsins sent með reglubundnum hætti, og þar hafi hann fylgst með þeim fjölmörgu verkefnum, sem félagið hefur sinnt og stuðlað að á sviði lagnatækni. Kvaðst hann oft hafa dáðst að upplýsingum og myndum, sem birst hefðu í fréttabréfi félagsins af uppsetningu og frágangi glæsilegra lagna- og mælivirkja.

Ingimundur sagðist vilja nota tækifærið, sem nú gæfist, til þess að fagna því frumkvæði, sem Lagnafélag Íslands sýnir með árlegri úthlutun viðurkenninga til þeirra, sem skarað hafa fram úr í hönnun og verkætun á sviði lagnamála. Slíkar viðurkenningar væru tvímælaust hvatning til þeirra, sem starfa í greininni, og skiluðu sér án efa fljótt og vel út í samfélagið.

Að endingu óskaði Ingimundur viðurkenningarhöfum til hamingju og þakkaði jafnframt Lagnafélagi Íslands fyrir öflugt og árangursríkt starf.

**Dr. Valdimar K. Jónsson, formaður
Viðurkenningarnefndar
Lagnafélags Íslands**

**Flutt á háttíðarsamkomu í Alþingi við afhendingu
“Lofsvert lagnaverk 2002”, 09. des. 2003**

Lagnafélag Íslands hóf að veita viðurkenningu fyrir lofsverð lagnaverk fyrir 13 árum síðan. Tilgangur viðurkenninganna er að efla gæðavitund þeirra aðila sem starfa á þessum vettvangi, efla þróun í lagnamálum með bættum vinnubrögðum, vali á lagnaleiðum og lagnaefnum. Síðast en ekki síst er viðurkenningunum ætlað að vera hönnuðum og iðnaðarmönnum hvatning til að afla sér aukinnar menntunar á sviði lagnamála.



Valdimar K. Jónsson

Viðurkenningarnefndin er skipuð þremur mönnum.

Þeir eru Valdimar K. Jónsson, vélaverkfræðingur, formaður nefndarinnar, Ólafur Bjarnason, blíkksmíðameistari og Stefán Jónsson, pípulagningarmeistari. Ritari nefndarinnar er Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands.

Fyrir árið 2002 veitir félagið viðurkenningu fyrir heildarverk. Það sem nefndin leggur áherslu á við mat á loftræsti- og hitakerfum, er að lýsing liggja fyrir á samvirkni tækja og tækjalisti sé skráður. Einnig að skýrsla verktaka liggja fyrir um stillingu tækja og almenna úttekt á þeim eins og lýst er í Lagnafréttum nr. 29, þ.e. handbók lagnakerfa.

Einnig leggur nefndin til að viðurkenning fyrir sérstakt handverk og fyrir nýjungar í lagnakerfum*. Viljum við hvetja menn til að tilkynna slíkt til nefndarinnar ef þeim er kunnugt um það.

Viðurkenning fyrir heildarverk

Skáli Alþingis hlýtur viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk árið 2002.

Húsið skiptist í tvo sambyggða hluta. Annars vegar er létbyggði hluti hússins en veggir hans að austan- og vestanverðu eru glerveggir og hins vegar er þungi hluti hússins sem ber svip nágranna síns Alþingishússins en þessi hluti er klæddur að utan með steinhleðslu.

Miklir gluggar einkenna léta hluta hússins. Gluggar þessir eru tvöfaldir, annars vegar ytra gler sem er tvöfalt og síðan innra gler. Á milli glerja eru sólarþjöld, sem stýrt er eftir birtunni í húsinu. Sérstakt lofhringrásarkerfi blæs lofti neðst inn í rýmið milli glerjanna og loftinu er hleypt upp úr glerveggnum efst í salnum. Þetta kerfi hefur þann tilgang að hita millirýmið á veturna en kæla það á sumrin.

Aðal loftræstikerfi hússins er tveggja stokka kerfi með blöndunarboxum undir loftum í byggingunni. Varmaendurvinnsla er á þeim hluta loftsins sem sogað er út efst í matsal en útsogi frá eldhúsi er kastað án varmaendurvinnslu. Sérstök hitastýring er fyrir 17 svæði.

Sérstakt hringrásar loftræstikerfi er fyrir tengiganginn, sem tengist Alþingishúsinu með upphitun og kælingu.

Allt húsið er varið með vatnsúðakerfi. Sérstakt þurrt kerfi er fyrir bílageymslukjallarann og annað blautt kerfi fyrir sjálfan skálann.

Skáli Alþingis

hlaut viðurkenninguna

"Lofsvert lagnaverk 2002"

**Formaður Samtaka atvinnulífsins afhenti viðurkenningar
við hátíðlega athöfn í Skála Alþingis við Austurvöll
þriðjudaginn 09. desember 2003 kl.16.00**

Ávörp fluttu:

Halldór Blöndal forseti Alþingis
Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnakerfamiðstöð Íslands
Guðmundur Hjálmarsson, formaður Lagnafélags Íslands
Dr. Valdimar K. Jónsson prófessor, formaður viðurkenningarnefnd. Lagnafélags
Íslands
Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins
Ragnar Kristinsson, stjórnarformaður Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns

*Að því loknu gafst gestum tækifæri á að kynna sér veröld handan veggja í
tækjaklefum hússins.*

Veitingar voru í boði Alþingis.

Fyrir árið 2002 veitti félagið viðurkenningu í fjórum flokkum

Fyrir heildarverk
Fyrir sérstakt handverk
Fyrir að vera fyrstur með nýjungar
Fyrir farsæl störf "heiðursmenn".

Viðurkenning fyrir heildarverk hlutu:

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns.	fyrir hönnun lagnakerfa.
Ísloft ehf.	fyrir smíði loftræstikerfa.
Pípulagnaverktakar ehf.	fyrir pípulagnir.
Hítatækni ehf.	fyrir hönnun smíði og uppsetningu á stjörmbúnaðar
Alþingi	fyrir vönduð lagna- og loftræstikerfi í Skála Alþingis

Viðurkenning fyrir sérstakt handverk hlutu:

AH Pípulagnir ehf.	Fyrir smíði og uppsetningu á
Pípulagnir Benna Jóns ehf.	Stofnlagnakerfi í
Svavar T. Óskarsson, pípulagningameistari	Lagnakerfamiðstöð Íslands

Viðurkenning fyrir að vera fyrstur með nýjungar hlaut


Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns
Íslensk Erfðagreining

Fyrir varmaendurvinnsluferfi
bæði heitt og kalt

Viðurkenning til “heiðursmanna”

Rafn I. Jenson, verkfræðingur
Bjarni Ísleifsson, verzlunarmaður


Sjá á bs. ?
Sjá á bs.?



Myndir úr tækjaklefum hússins, tækjum vel fyrirkomið
og fallett handbragð.



Myndir frá kaffiboði Alþingis í tilefni af afhendingu viðurkenningar “Lofsvert lagnaverk 2002”.



Myndir frá kaffiboði Alþingis í tilefni af afhendingu viðurkenningar “Lofsvert lagnaverk 2002”.




*Myndin sýnir þá sem hlutu viðurkenningu fyrir
“Lofsvert lagnaverk 2002”*



Nýjung í lagnatækni:

Viðurkenningu fyrir "lofsvert lagnaverk 2002" í nýjungum í lagnatækni, hlaut Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns og Íslensk erfðagreining.

Í nýbyggingu Íslenskrar erfðagreiningar við Sturlugötu 8 Reykjavík var í fyrsta sinn á Íslandi notað fjölnota (Varmanýtaflötur) varmaendurnýtingarakerfi. Kerfið byggir á nýju stýrikerfi sem eykur nýtni varmaskiptis, bæði til hitunar og kælingar. Kerfið hefur reynst afar vel og hefur sparað verulegar upphæðir í upphitunar og kælikostnaði hússins.



Hjörleifur Stefánsson, fulltrúi Íslenskrar Erfðagreiningu,
Ragnar Kristinnsson, stjórnarformaður, VGK.




Sérstakt handverk:



Viðurkenningu fyrir “lofsvert lagnaverk 2002” “Sérstakt handverk”, hlaut AH Pípulagnir ehf., Pípulagnir Benna Jóns ehf. og Svavar T. Óskarsson, pípulagningameistari.

Stofnlagnakennslukerfi í Lagnakerfamiðstöð Íslands er að mörgu til fyrirmyndar.

Auk þess að vera stofnlagnakerfi að kennslusvæðum í stöðinni, er kerfið einnig hermir. Þar er hægt að búa til þær aðstæður sem ríkja í hita- og vatnsveitum á hverjum stað á landinu. Allt handverk kerfisins er til mikillar fyrirmyndar.



Stofnlagnakerfið, takið eftir merkingunum og nr. á hverju tæki fyrir sig.



Ávarp

**Ragnar Kristinsson, stjórnarformaður VGK
Flutt á háttíðarsamkomu í Alþingi
við afhendingu “Lofsvert lagnaverk 2002”
09. des. 2003**

**Hr Forseti Alþingis,
gestgjafar ágætu gestir.**

Fyrir hönd viðurkenningahafa vil ég þakka Lagnafélagi Íslands fyrir þann heiður sem okkur er sýndur með þessum viðurkenningum.

Ragnar Kristinsson

Það er ávalt vandasamt að velja eina byggingu og veita henni viðurkenningu fyrir góða hönnun og gott handverk.

En það þarf að fara saman til þess að viðurkenning sé veitt skv starfsreglum Lagnafélagsins.

Þessar byggingar verða fyrirmyndir annarra, hvernig gott handverk og hönnun getur verið hvatning til betri verka.

Áður fyrr voru lagna-og loftræstikerfi afgangsstærð í byggingum og áttu að kosta sem minnst.

Nú síðari ár er lögð meiri áhersla á lagna-og loftræstikerfi í byggingum, enda er það staðreynd að ef lagnakerfin eru ekki vel gerð verður mikið um kvartanir hjá fólki sem í byggingunum starfa og starfsánægja minnkar.

Því er það hvatning fyrir okkur lagnamenn að gera alltaf betur og geta bent verkkaupum og húsbýggjendum á mikilvægi góðra lagnakerfa.

Nýárskveðja

Gleðilegt nýtt ár

**þakka ánægjulegt samstarf á árinu sem var að líða
með góðri samvinnu**

horfum við björtum augum á verkefni framundan

*Bestu nýárskveðju
Kristján Ottósson*

Gólfhitakerfi eru einnig geislahitunarkerfi

Sveinn Áki Sverrisson, véltæknifræðingur,
VSB verkfræðistofu ehf.



Sveinn Áki
Sverrisson

Sigurður Grétar Guðmundsson skrifar í pistli sínum Lagnafréttir mánudaginn 22. desember um hitakerfi, þar sem hann varar fólk við að rugla saman geislahitun og gólfhita. Þar segir Sigurður m.a.: *“að gólfhiti hiti með lofthreyfingu alveg eins og ofnakerfi, gólfhitakerfi hitar nær ekkert með geislum, nefnið það því aldrei gólfgeislaakerfi”*.

Frá öllum hitagjöfum streymir hiti með geislum og með lofthreyfingu, t.d. gefur venjulegur sléttur ofn 50-60% frá sér af varma sem geislun (Rb rit 55 Hitun húsa bls. 123, utg. 1987). En hvenær verður hitakerfi geislahitunarkerfi? Eðlilegt er að miða það við þegar varmagjöf í formi hitageisla er meiri en helmingur hitans frá hitakerfinu. Þannig er því háttáð með gólfhitakerfi, enda er geislahlutinn meiri en 60-70% af heildarvarmagjöf. Það er því ekki rétt fullyrðing hjá Sigurðuri í grein sinni í Morgunblaðinu. Eflaust er Sigurður að aðgreina eldri loftgeislaakerfi (með of háum yfirborðshita), frá nýtsku gólfhitakerfum.

Segja má að geislahlutinn er góðu fréttimar við gólfhitakerfin. Við kunnum að meta það að gólfhlisarnar eru heitar en vegna geislunar gólfhitakerfis upplifum við innihita þægilegan og jafnan, og getum jafnvel sætt okkur við lægri lofthita ef um ofnakerfi væri að ræða. Í byggingum með mikla lofthæð er gólfhiti góður kostur til að koma í veg fyrir hitasöfnun við þak, með tilheyrandi orkusóun.

Margir velja flisar á stofugólfíð. Fæturnir eru næmir fyrir köldu yfirborði og flisar draga hratt til sýn hita frá líkamanum í gegnum fæturna sem við upplifum sem kulda. Til að fyrirbyggja þetta verður að setja gólfhita undir flisar á vistarverum fólks. Kjörhiti á gólfi er 24-26°C, og er óháður því hvort sumar eða vetur er. Fólk sem býr í slíkum húsum þarf að gera sér grein fyrir því að hitareikningurinn verður hærri en í samsvarandi húsi þar sem gólfefni er parket eða teppi, ef ekki er slakað á hita á gólfum á sumrin og þegar ekki er þörf á að kynda.



Oft er spurt hvort gólfhiti sé heppilegur undir parket. Því má svara játandi. Parket úr tré er lífandi efni sem þenst og dregur sig saman eftir rakainnihaldi lofts. Heppilegast er að raki innanhúss sé á bilinu 30-60% til þess að draga úr hreyfingu og hættu á sprungumyndun á parketi. Gólfhiti lækkar rakainnihald lofts við gólfíð, þar sem hitinn við gólf er hærri en innihitinn. 27°C er talinn hæsti yfirborðsgólfhiti fyrir parket (Trægolv på golvvärme, Golvbranschen, GBR 1:2003, www.golvbranschen.se).

Hámarksafköst eru 70-75 w/m² fyrir parketgólf, en til samanburðar geta afköst gólfhita verið 100 w/m² fyrir gólf með dúk teppi eða flisar, en þá má yfirborðsgólfhiti vera 29°C, og hærri á jaðarsvæðum við útveggi. Því þarf lagnahönnuður að reikna út varmaþörf húss og gera ráðstafanir ef bæta þarf við hitagjöfum (ofnum) svo ekki fari illa.

Tveir heiðursmenn fengu viðurkenningu Lagnafélags Íslands fyrir farsæl störf,

Skjal og Silfurmerki félagsins.

Rafn Ingólfur Jenson vélaverkfræðingur.

Rafn er fæddur 2. sept. 1927, á Hafranesi, Reyðarfirði. Gagnfræðapróf frá Flensborgarskóla Hafnarfirði 1944 Stúdentspróf frá MR 1948 Fyrrihlutapróf í verkfræði frá Háskóla Íslands 1952 M.Sc. próf í vélaverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole í Kaupmannahöfn 1955. Sérgreinar: Hitun, loftræsting, kæling.



Rafn I. Jenson

Sótti viku námskeið hjá Camfil Svíþjóð um stur í loftræstikerfum og hrein rými. Stundakennari í hitun og loftræstingu: í Tækniskóla Íslands og síðar í Verkfræðideild Háskólans.

Hefur tekið þátt í og halda eftirmenntunarnámskeið bæði fyrir hópa iðnaðarmanna, Vinnu-efirlit ríkisins og Eftirmenntunardeild Háskólans.

Störf:

1955 -1956 vann Rafn hjá Íslenskum Aðalverktökum Keflavíkurflugvelli við kostnaðaráætlanir og eflirlit með framkvæmdum.

1956 -1958 hjá Einarsson & Pálsson við hönnun hita og loftræstikerfa.

1958 -1968 hjá Traust hf. aðallega við hönnun hita og loftræsti og kælikerfa.

Stofnaði eigin verkfræðistofu 1968, sem 1995 var breytt í RJ Verkfræðinga ehf.

Meðdómari í ýmsum málum aðallega tengdum hita og loftræstikerfum.

Helstu hönnunarverkefni:

Bændahöllin 1. áfangi, loftræsting, Félagsheimili víða um land, m.a. Króksfjarðarnesi, Barðaströnd, Hofsósi, Blönduósi, Þingeyri, Köldukinn.

Skólar og Íþróttahús m.a í Grindavík, Sandgerði, Njarðvíkum, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík, Bolungavík, Siglufirði, Akureyri, Svarfáðardal, Laugum, Nesjum Hornafirði, Þorlákshöfn

Ríkisspítalar: M.A. þvottahús ríkisspítalanna, nýbyggingar í landi Kópavogshælis, Vífilstaða-spítali nýbyggingar og breytingar, vistheimilið Gunnarsholti.

Heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Garðabæ,

Dvalarheimili aldraðra, Grindavík, Hafnarfirði, Reykjavík, Sauðárkróki, Arnarholti.

Samkomuhús: Broadway og Sambíóin, Laugarásbíó, Hafnarfjarðarbíó, Hollywood, Hótel Ísland, Hótel Selfossi, Hótel Blönduósi, Sjálfstæðishúsið Akureyri

Strætisvagnar Reykjavíkur, Glerhús á Hlemmi

Prentsmiðja Morgunblaðsins, Blaðprent hf.

Fjölbýlishús m.a: Æsufell 2-6, Kríuhólar 2-6, Krummahólar 6-8, Kleppsvegur 42-44. Álfamýri, Meistaravöllum, o.fl.

Verslunar- og skrifstofuhús m.a.: Laugavegur 26 Rvík, Amaróbúðin Akureyri, Ráðhús Siglufirði

Kirkjur: Bústaðakirkja, Kristskirkja Reykjavík, Kirkjur Mosfelli og Hornafirði

Skeljungur hf: Skrifstofubýggingar vöruskemmur olfustöðvar og afgreiðslustöðvar víða um land

Sjónvarpið Laugavegi 176, loftræstikerfi

Ísfélagið Vestmannaeyjum, loftræstikerfi

Oddfellowhúsið Reykjavík, loftræsti, hita, hreinlætiskerfi og sprinklerkerfi

Íslenska Álfélagið, Stækkanir á steypuskála, Kælikerfi fyrir dreifistöðvar og aðveitustöðvar, Lagnir í skrifstofur böð o.fl, Allskonar breytingar og lagfæringar.

ABB Swiss, Loftræstikerfi í Aðveitustöð Ísals.

Sæbýli Vogum, Vatns og hitalagnir, Stofnfiskur, Vatns og hitalagnir.

Mikill fjöldi minni bygginga og sérhæfðra verkefna.

#####

Bjarni Ísleifsson, verslunarstjóri

Bjarni Ísleifsson, er fæddur 11. nóvember 1927, Hann hefur verið verið hluthafi til margra ára hjá Ísleifi Jónssyni ehf. byggingavörverslun hefur nú látið af störfum eftir 57 ára starf hjá fyrirtækinu, 76 ára að aldri, Eftir hefðbundið nám í Miðbæjarskólanum við tjörnina hóf hann nám í Verslunarskóla Íslands við Grundarstíginn í Reykjavík og lauk þaðan námi árið 1946.



Bjarni Ísleifsson

Hann hóf þá þegar störf við verslun föður síns er var til húsa að Aðalstræti 9 hér í borg en það hús var síðan rífið fyrir nýbyggingu Miðbæjarmarkaðarins.

Fyrirtækið Ísleifur Jónsson var stofnsett árið 1922 og var fyrst í stað með sölu á lagnaefni og pípulagnir eins og aðrar verslanir í þessari grein, en eftir samninga við pípulagningamenn snéri fyrirtækið sér alfarið að innflutningi og sölu á efni til hita, vatns og hreinlætislagna sem og tæki til þeirra lagna.

Er Bjarni hóf störf sín við fyrirtækið voru allir miðstöðvarofnar, kolakatlar, olfukatlar og frárennslisrör úr steypujámi, en síðan hafa orðið miklar breytingar til léttleika í meðörum á þessum vöruflokkum.

Þess má einnig geta að miklar breytingar hafa orðið til frjálsræðis frá hvarfi skömmtnunar í innflutnings og gjaldeyrismálum, álagningarhöftum og bankahöftum (skammtanaplott).

Fyrirtækið Ísleifur Jónsson ehf. er umboðsaðili fyrir mörg þekkt vörumerki og má þar meðal annars nefna Grundfos a/s. eitt framsæknasta framleiðslufyrirtæki í heimi á dælum og Ideal Standard framleiðandi á hreinlætistækjum og fylgihlutum þar að lútandi og hefur fyrirtækið kappkostað að geta boðið upp á varahluti ef þurft hefur.

Langur líftími fyrirtækisins sýnir glögglega að viðskiptavinirnir hafa kunnað að meta þjónustulund Bjarna. Um þessar mundir er þriðja kynslóðin að taka við fyrirtækinu og er þess að vænta að henni takist vel til.

Bjarni er ánægður með starfslok sem eru löng og farsæl og er Bjarni vel heilsuhraustur.

Tækniháskóli Íslands

Heimsókn frá Tækniháskóla Íslands til LKÍ, 10. desember 2003.

Í upphafi desember mánaðar 2003 komu í heimsókn í Lagnakerfamiðstöð Íslands deildarforseti tæknideildar Tækniháskóla Íslands ásamt sviðstjórum byggingasviðs og vélasviðs Tækniháskólans. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna aðstöðunni sem er í Lagnakerfamiðstöðinni bæði kennslu- og rannsóknaraðstöðunni.

Tækniháskólinn hefur nú þegar nýtt sér kennsluaðstöðuna með nemendaheimsóknum í Lagnakerfamiðstöðina. Fram kom að Tækniháskólinn hefur hug á að nýta sér meir þá góðu og miklu aðstöðu sem er fyrir hendi í Lagnakerfamiðstöðinni.



Á myndinni eru frá vinstri : Guðmundur Hjálmarsson, fulltrúi Tækniháskólans í stjórn Lagnakerfamiðstöð Íslands, Ingunn Sæmundsdóttir, sviðstjóri byggingasviðs THÍ, Bjarki A. Brynjarsson, deildarforseti tæknideildar Tækniháskóla Íslands og Baldur Jónasson, sviðstjóri vélasviðs THÍ.

Borgarholtsskóli

Kennslustjóri og kennarar á málmíðnaðarbraut í Borgarholtsskóla heimsóttu Lagnakerfamiðstöð Íslands fyrir stuttu og kynntu sér þann tækjakost og aðstöðu til kennslu sem stöðin hefur upp á að bjóða.

Kennararnir lofuðu aðstöðuna í stöðinni og sögðu þetta koma til með að breyta miklu hvað varðar verk- og sýnikennslu raunveruleikans.

Það kom fram að Borgarholtsskóli er þegar farinn að vinna að skipulagningu náms við Lagnakerfamiðstöð Íslands.



Kennslustjóri og kennarar á málmíðnaðarbraut í Borgarholtsskóla.

Aftari röð frá vinstri: Þór Rúnar Þorsteinsson, kennari, Páll Indriði Pálsson, kennslustjóri, Ingvar G Ingvarsson, kennari, Egill Þór Magnússon, kennari, Jón Hjaltalín Ólafsson, kennari, Þorsteinn Karl Guðlaugsson, kennari.

Fremri röð frá vinstri: Helga Hlín Friðriksdóttir, kennari, Jón Benediktsson, kennari, Þorbjörn Brynjólfsson, kennari.

Heimsókn félaga frá Norðurlöndum

Dagana 8.-9. desember heimsóttu góðir norrænir vinir Lagnadeild Rb. Um er að ræða sérfróða menn í vatnstjónum, sem hafa unnið að forvörnum undanfarna áratugi meðal annars með því að halda ráðstefnu um málefnið annað hvert ár. Næsta ráðstefna verður haldin hér á landi árið 2005.

Tilfni heimsóknar var vinnufundur í norrænu verkefni um varnir gegn vatnstjónum sem Nordtest styrkir. Verkefnið snýr að gerð gátlista sem á einfaldan hátt metur lagnakerfi bygginga.

Boðað var til opins fundar 8. desember þar sem þessir menn héldu erindi og svöruðu spurningum um hvort unnt væri að hanna lagnakerfi þannig að komið væri í veg fyrir vatnstjón í byggingum. Niðurstaða fundarins var að ekki væri unnt að koma í veg fyrir leka en koma mætti í veg fyrir tjón. Hanna þyrfti lagnakerfi þannig að gert væri ráð fyrir því að þau gætu lekið án þess að valda tjóni. Þrátt fyrir erill desembermánaðar var góð mæting á fundinn, en hann sátu u.þ.b. 30 manns.

Hópurinn heimsótti Lagnakerfamiðstöð Íslands og fékk góðar móttökur hjá framkvæmdastjóranum Kristjáni Ottóssyni.

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir



Á myndinni eru frá vinstri: Rolf Kling frá VVS-installatörerna í Svþjóð, Lars-Erik Fiskum frá Byggforsk í Noregi, Jukka Maatta frá VTT í Finnlandi, Oddvar Stensrød frá GjensidigeNor í Noregi, Leon Buhl frá Teknologisk Institut í Danmörku, Ragnheiður Þórarinsdóttir frá Rb og Johnny Andersson frá Scandiaconsult í Svþjóð

Verkfræðideild Háskóla Íslands

Heimsókn frá Verkfræðideild Háskóla Íslands 9. janúar 2004.

Myndin sýnir eftirtalda aðila sem komu í heimsókn til Lagnakerfamiðstöðvarinnar til að kynna aðstöðuunni sem í boði er bæði fyrir kennslu og rannsóknir. Verkfræðideild hefur nú þegar nýtt sér rannsóknar aðstöðuna þar sem doktorsneminn Sonja Richter vinnur þar að rannsóknum á tæringu á málmum í köldu- og hitaveituvatni. Hún áætlað að ljúka doktorsritgerð sinni síðar á þessu ári. Verkfræðideild hefur mikinn áhuga á að nýta sér þá glæsilegu og einstöku aðstöðu sem þarna er í boði á sviði lagnakerfa, bæði til rannsókna og kennslu. Verkfræðideild var einn af stofnendum Lagnakerfamiðstöðvar Íslands og á einn mann í stjórn hennar.



Fremri röð frá vinstri: *dr. Valdimar K. Jónsson prófessor við véla- og iðnaðarverkfræðiskor HÍ, Sonja Richter doktorsnemi við véla- og iðnaðarverkfræðiskor HÍ, dr. Magnús Þ. Jónsson prófessor við véla- og iðnaðarverkfræðiskor HÍ.*

Aftari röð frá vinstri: *Birgir Jónsson dósent og varaformaður við umhverfis- og byggingarverkfræðiskor HÍ, dr. Sigurður Brynjólfsson prófessor og forseti verkfræðideildar HÍ, dr. Ólafur Pétur Pálsson dósent og formaður við véla og iðnaðarverkfræðiskor HÍ, dr. Sigurður M. Garðarsson dósent við umhverfis- og byggingarverkfræðiskor HÍ,*

Morgunverðafundur

Lagnafélags Íslands og Brunatæknifélags Íslands var haldinn á Hótel Loftleiðum Blómasal 26. nóvember 2002

Framsögumenn voru, Björn Karlsson, brunamálastjóri, Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur Brunamálastofnun, Bjarni Kjartansson, framkvæmdastjóri Forvarnadeildar SHS, Eggert Aðalsteinsson, verkfræðingur Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Bogi Jónsson, blikksmiðameistari, Vogur loftræstíþjónusta, Sigurður Ingvarsson, sölustjóri Securitas, Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands, fundarstjóri.

Fundurinn tókst vel. Mjög athyglislegar framsögur og fyrirspurnir úr sal. Áhuginn var það mikill eftir að fundinum lauk, að menn héldu honum áfram á göngum hótelsins. Margir fóru heim með ósvaraðar spurningar á vörnum.

Efri myndin sýnir fundarmenn mjög áhugasama um málefni fundarins.



Við borðið næst okkur sitja talið frá vinstri. Bogi Jónsson, blikksm.m., Gunnar H. Kristjánsson, varaformaður Brunatæknifélagsins, Guðmundur Gunnarsson, Brunamálastofnun, Björn Karlsson, brunamálastjóri, Eggert Aðalsteinsson, VGK.



Morgunverðafundur



Viðurkenningarnefnd LAFÍ

Krafa Viðurkenningarnefndar LAFÍ er að til staðar sé full búin handbók lagnakerfa.

Viðurkenningarnefnd Lagnafélags Íslands hefur starfað í 13 ár og veitt viðurkenningar allt frá árinu 1990 fyrir lofsvert lagnaverk. Það sem nefndin leggur ríka áherslu á við mat á lagnakerfum, er að hönnun og handverk séu til fyrirmyndar og að handbók lagnakerfa sé til staðar full búin.

Í handbók á að setja það sem verður til við hönnun, smíði og uppsetningu kerfanna, sjá fyrirmynd í Handbók lagnakerfa 29, gefin út af Lagnafélagi Íslands 28. desember 2002.

Ef þau gögn sem vísað er til í handbókinni hér að framan verða ekki til við framkvæmd, er það visbending um að kerfið hafi ekki verið rétt hannað og því ekki rétt frá gengið.

Rétt er að benda á að Handbók lagnakerfa 29, hefur verið samþykkt af Umhverfissráðuneytinu, sem reglugerð til úttekta á lagnakerfum. **Sjá bls. 21 hér að aftan.** (Einnig sjá bls. 2. í Fréttabréfi LAFÍ, númer 85, nóvember 2003).



*Viðurkenningarnefnd Lagnafélags Íslands.
Frá vinstri: Stefán Jónsson, pípuþingameistari, Dr. Valdimar K. Jónsson,
verkfræðingur, formaður nefndarinnar og Ólafur Bjarnason, blikksmíðameistari.*

Bréf frá Umhverfissráðuneytinu



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Lagnakerfamiðstöð Íslands
Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri
Keldnaholt
112 REYKJAVÍK

Vinarinnvi 4 150 Reykjavík
Sími: 543 8000 bréfasími: 503 4366
netfang: postur@umhverfissraduneyti.is

Reykjavík, 19. júní 2003

Tilvísun: UMH03040124/31-0

IS/si

Ráðuneytið visar til erindis yðar frá 28. apríl sl. þar sem þess er farið á leit að í samræmi við ákvæði til bráðabirgða nr. 14 í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, að Lagnakerfamiðstöð Íslands fái viðurkenningu ráðuneytisins til þess að gegna hlutverki tilnefnds aðila og annast staðfestingu á samræmi kerfa og gefa út vottorð eða umsögn um lagnakerfi.

Ráðuneytið leitaði álits Skipulagsstofnunar á erindi yðar og mælir stofnunin með að Lagnakerfamiðstöð Íslands verði veitt umbeðin viðurkenning.

Ráðuneytið veitir Lagnakerfamiðstöð Íslands hér með viðurkenningu, sbr. 14. tl. ákvæða til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að votta/gefa út umsögn um lagnakerfi á meðan ákvæði 2. mgr. 42. gr. skipulags- og byggingarlaga er óvirkt.

Framangreint tilkynnist yður hér með.

F. h. r.

Afrit: Skipulagsstofnun
Brunamálastofnun
Félag byggingarfulltrúa

KEMUR LYKT ÚR NIÐURFALLINU?

BYLTING

Vatnslásar sem loka þegar þornar í þeim.



PURUS FlexiNOD®

Vatn þrýstir bollanum niður og opnar lásinn.



PURUS FlexiNOD®

Þegar bollinn þornar, þá lokast fyrir lásinn.



PURUS MaxiFlex Dúkur

Niðurfall fyrir gólfduka.



PURUS MaxiFlex Flísar

Niðurfall fyrir flísar.

**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Bólholti 4 • Reykjavík
Sími 568 0340
www.isleifur.is